

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 8. apríl 2021

Mál nr. E-1690/2020:

Ásta Ólafsdóttir

(*Guðmundur B. Ólafsson lögmaður*)

gegn

HL Adventure ehf.

(*Sigurður G. Guðjónsson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta var höfðað þann 23. júní 2020 og dómtekið að lokinni aðalmeðferð þann 17. febrúar sl.

Stefnandi er Ásta Ólafsdóttir, Víðiteigi 4E, Mosfellsbæ. Stefndi er HL Adventure ehf., Skúlagötu 44, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 4.864.346 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 1.098.000 krónum frá 1. maí 2020 til 1. júní 2020, frá þeim degi af 2.196.000 krónum til 1. júlí 2020 og frá þeim degi af 4.864.346 krónum til greiðsludags. Þá er þess er krafist að dæmt verði að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 1. maí 2021 en síðan árlega þann dag. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I.

Málsatvik eru í stuttu máli þau að stefnandi var ráðinn framkvæmdastjóri hjá stefnda, sem skipuleggur og sér um ferðir fyrir hópa og einstaklinga, þann 1. júlí 2019. Voru umsamin laun stefnanda samkvæmt ráðningarsamningi 1.000.000 króna á mánuði ásamt því sem hún fékk 80.000 krónur í ökutækjastyrk og 30 daga orlofi á ári. Í kringum áramótin 2019-2020 kom upp ágreiningur á milli stefnanda og eiganda stefnda varðandi ákvarðanatöku tengdri fjármálum fyrirtækisins, en stefnandi taldi eiganda stefnda stjórna of miklu í starfseminni. Viðraði stefnandi af því tilefni við stjórn stefnda áhyggjur sínar af því að bera ábyrgð sem framkvæmdastjóri án þess að hafa með raunverulega stjórn að gera. Úr varð að stefnandi steig til hliðar sem framkvæmdastjóri og var tilkynning þess

efnis, dags. 29. febrúar 2020, send fyrirtækjaskrá Skattsins. Stefnandi mun engu að síður hafa fengið greidd sömu laun og áður 1. apríl 2020 og haldið áfram störfum hjá stefnda.

Óumdeilt er að í lok mars 2020 kom upp ágreiningur milli stefnanda og eiganda stefnda um viðbrögð stefnda í tilefni af kórónuveirufaraldrinum. Laut ágreiningurinn einkum að því hvort stuðst yrði við svokallaða hlutabótaleið og þá hvort hægt væri að beita henni samhliða því að starfsmönnum væri sagt upp. Fyrir liggur að stefnandi vildi ekki fara þá leið sem lögð var til af hálfu eiganda stefnda og varð úr að henni var afhent uppsagnarbréf 31. mars 2020. Í því sagði eftirfarandi: „Í ljósi óvissutíma vegna Covid 19 er þér hér með sagt upp störfum hjá HL Adventure. Uppsagnarfrestur er í samræmi við gildandi ákvæði kjarasamninga. Uppsögnin tekur gildi frá og með 1. apríl 2020.“ Gengið var út frá því að stefnandi ynni út uppsagnarfrestinn, en þann 24. apríl 2020 var henni vikið úr starfi.

Þar sem stefnandi fékk laun sín ekki greidd 1. maí 2020 leitaði hún til VR og fór óskaði eftir aðstoð við innheimtu launanna. Með bréfi starfsmanns VR til stefnda, dags. 14. maí 2020, var fyrir hönd stefnanda gerð krafa um ógreidd laun henni til handa vegna aprílmánaðar 2020. Þá var bent á að stefnandi ætti þriggja mánaða uppsagnarfrest. Stefnandi leitaði í kjölfarið til lögmanns og með bréfi hans, dags. 9. júní 2020, var fyrrgreind krafa ítrekuð auk þess sem gerð var krafa um vangreidd laun vegna maí og júní 2020. Af hálfu stefnda var ekki brugðist við erindinu og höfðaði stefnandi því mál þetta með stefnu útgefni 23. júní 2020.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Krafa stefnanda lýtur að vangreiddum launum í uppsagnarfresti fyrir apríl, maí og júní 2020 auk orlofs, orlofsuppbótar og desemberuppbótar. Krefst stefnandi launa að fjárhæð 1.018.000 krónur, miðað við launahækkun samkvæmt grein 1.2.1. í kjarasamningi VR og SA, og 80.000 krónur í ökutækjastyrk fyrir hvern mánuð, eða alls 3.294.000 á uppsagnarfresti, auk orlofs að fjárhæð 398.241 króna ($3.294.000 \times 13,04$). Þá gerir hún kröfu um útistandandi orlof sem hafi 29. febrúar 2020 verið 156,67 orlofstímar. Krefst hún 1.058.906 króna sem sé þá 165,67 tímar margfaldaðir með 6.392 krónum miðað við dagvinnukaup. Þá gerir hún kröfu um orlofsuppbót sem samkvæmt kjarasamningi árið 2020 var 51.000 krónur og miðist við 45 vikur. Hún hafi áunnið sér hlutdeild í orlofsuppbót alls 41 vikur og sé því gerð krafa um 46.466 krónur vegna þessa ($(51.000/45) \times 41$). Orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningi árið 2021 sé 52.000 krónur

miðað við 45 vikur og sé gerð krafa fyrir það sem stefnandi hafi áunnið sér samkvæmt útgefnum launaseðlum eða 9.244 krónur $((52.000/45)) \times 8$). Loks sé gerð krafa um 56.400 í desemberuppbót fyrir árið 2020 fyrir þær 27 vikur sem stefnandi hafi áunnið sér samkvæmt útgefnum launaseðlum.

Stefnandi vísar til þess að samkvæmt grein 1.9. í kjarasamningi VR og SA eigi laun að greiðast fyrsta dag eftir að þeim mánuði ljúki sem laun séu greidd fyrir. Að auki skuli vinnuveitandi greiða þegar áunnið orlof til launþega við lok ráðningarsambands samkvæmt 8. gr. orlofslaga nr. 30/1987. Þar sem innheimtutilraunir hafi reynst árangurslausar sé málshöfðun nauðsynleg og farið fram á ýrustu kröfur eftir lögum og kjarasamningum.

Stefnandi vísar einnig til laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups, laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, laga nr. 139/2003 um tímabundna ráðningu starfsmanna, meginreglna kröfu- og vinnuréttar og kjarasamnings VR og SA.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi verið ráðin framkvæmdastjóri stefnda þegar hún hóf starf í júlí 2019. Þann 30. mars 2020 hafi fyrirtækjaskrá síðan móttengið tilkynningu sem stefnandi hafi sjálf útbúið 29. febrúar 2020 um að hún lét af störfum framkvæmdastjóra. Stefnandi hafi ekki samið um neina breytingu á verkefnum sínum samkvæmt hinum skriflega ráðningarsamningi. Skriflegum samningi verði auk þess ekki breytt nema með skriflegum viðaukum af þar til bærum aðilum. Samkvæmt tilkynningu stefnanda til Skattsins hafi hún látið af starfi framkvæmdastjóra 29. febrúar 2020 og hafi verið ljóst frá þeim tíma að hún bæri ekki lengur ábyrgð á daglegum rekstri stefnda. Stefnandi hafi engum starfs- eða vinnuskyldum framkvæmdastjóra sinnt frá og með 1. apríl 2020 og takmörkuðum frá 29. febrúar 2020 þó hún fengi full laun. Hún hafi sjálf ákveðið að efna ekki ráðningarsamninginn í samræmi við efni hans frá og með 1. mars 2020 og hafi því ekki átt rétt til launa í uppsagnarfresti, hvað þá launa byggðum á ráðningarsamningi sem hún hafi ekki efnt.

Stefndi byggir á því að uppsagnarbréfið sem stefnandi hafi móttengið skapi engan rétt til launa í uppsagnarfresti þar sem hún hafi ákveðið að hætta sem framkvæmdastjóri áður en til uppsagnarinnar kom. Eftir að hún hafi sagt af sér starfi framkvæmdastjóra og ekki mætt til vinnu hafi það komið í hlut annarra starfsmanna stefnda að vinna þá vinnu sem stefnandi hafði verið ráðin til að sinna. Þegar starfsmaður hlaupi undan skyldum

samkvæmt ráðningarsamningi leiði það óhjákvæmilega til tjóns fyrir atvinnurekanda. Hann eigi þá rétt til þess að hýrdragra starfsmanninn til að mæta bótakröfu. Verði krafa stefnanda tekin til greina sé þess krafist að kröfunni verði lokið með skuldajöfnuði án sjálfstæðs dóms, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndi vísar til almennra reglna samninga-, kröfu- og vinnuréttar um að gerða samninga beri að virða og efna í samræmi við efni þeirra og að tjón vegna vanefnda sé bætt.

III.

Eins og áður greinir eru málavextir þeir að stefnandi, sem hóf störf sem framkvæmdastjóri stefnda 1. júlí 2019, óskaði í febrúar 2020 eftir að vera leyst undan skyldum framkvæmdastjóra í kjölfar vegna ágreinings innan fyrirtækisins um fjármál þess. Af gögnum málsins verður þó ráðið að hún hafi haldið áfram störfum hjá stefnda. Stefnanda var síðan, eins og fleiri starfsmönnum stefnda, sagt upp störfum 31. mars 2020 vegna deilna um viðbrögð stefnda vegna kórónuveirufaraldursins. Samkvæmt uppsagnarbréfi því er stefnanda var afhent skyldi uppsögnin taka gildi 1. apríl 2020 og uppsagnarfrestur vera þrjú mánuðir. Vinnuframlagi stefnda var síðan hafnað af hálfu eiganda stefnda í lok apríl 2020.

Krafa stefnanda lýtur að launum í uppsagnarfresti ásamt uppsöfnuðu orlofi og desemberuppbót. Byggir stefnandi á því að eigandi stefnda hafi vikið henni fyrirvaralaust úr starfi á uppsagnarfresti og því eigi hún rétt til launa út uppsagnarfrestinn. Stefnandi vísar hins vegar til þess að afsögn stefnanda úr starfi framkvæmdastjóra áður en til uppsagnarinnar kom hafi gert það að verkum að hún hafi fyrirgert rétti sínum til launa í uppsagnarfresti, enda hafi hún vanefnt ráðningarsamning aðilanna af sinni hálfu.

Stefnandi kom fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins og gaf skýrslu. Lýsti hún aðdraganda þess að hún steig til hliðar sem framkvæmdastjóri svo að eigandi stefnda hefði skipt sér af öllum málum og því hafi hún lítið fengið að stýra daglegum rekstri. Hún hafi hvorki komið nálægt fjármálum fyrirtækisins né tekið ákvarðanir tengdum þeim. Auk þess hafi komið í ljós að fjármálastaða fyrirtækisins var verri en stefnandi hafði talið og hafi henni liðið illa með að vera ábyrg fyrir rekstrinum út á við. Stefnandi kvaðst hafa rætt þetta við stjórn stefnda í janúar og henni þá verið lofað að breyting yrði á málum. Úr því hafi hins vegar ekki orðið. Á endanum hafi stefnandi og eigandi stefnda komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi hætti sem framkvæmdastjóri og hafi eigandinn

haft milligöngu um að tilkynning þess efnis yrði send fyrirtækjaskrá Skattsins. Báðir aðilar hafi engu að síður gert ráð fyrir að stefnandi héldi áfram störfum hjá fyrirtækinu.

Aðspurð um aðdraganda þess að henni var afhent uppsagnarbréf 31. mars 2020 lýsti stefnandi því svo að eigandi stefnda hefði viljað að starfsmenn færu á 25% hlutabótaleið vegna kórónuveirufaraldursins samhliða því að fá uppsagnarbréf. Stefnandi hafi lýst óánægju með þetta fyrirkomulag og eigandinn þá afhent henni uppsagnarbréf með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Uppsagnarbréfið hafi í engu tengst því að hún hefði hætt sem framkvæmdastjóri. Nokkrum dögum síðar hafi stefnandi svarað fyrirspurnum viðskiptavina um endurgreiðslu vegna ferða sem hætt hafði verið við á þá leið að eigandi stefnda myndi ganga frá slíkum málum. Við þetta hafi hann reiðst verulega og vikið stefnanda úr starfi.

Vitnið Matthías Björnsson lýsti því svo fyrir dómi að hann hefði aðstoðað stefnda við uppgjör og sinnt fjármálastjórn árin 2018-2020. Aðspurður kvaðst vitnið hafa vitað að stefnandi hefði lýst áhyggjum við stjórn og eiganda félagsins af fjármálum þess og að hún vildi stíga til hliðar sem framkvæmdastjóri. Í samráði við eiganda félagsins og stjórn stefnda hefði vitnið útbúið tilkynningu til fyrirtækjaskrár þar sem tilkynnt var um afsögn stefnanda sem framkvæmdastjóra. Hann hafi þó litið svo á að gengið væri út frá því að stefnandi héldi áfram störfum. Þegar hún hafi síðan neitað að gangast við þeirri leið sem eigandi stefnda vildi fara í tengslum við svokallaða hlutabótaleið hafi henni verið vikið úr starfi.

Við mat á því hvort stefnandi teljist hafa vanefnt skyldur sínar samkvæmt ráðningarsamningi aðilanna með því að stíga til hliðar sem framkvæmdastjóri, þannig að áhrif hafi á rétt hennar til launa í uppsagnarfresti, er til þess að líta að stefnandi hélt áfram störfum hjá stefnda eftir að fyrirtækjaskrá var tilkynnt um að hún léti af starfi framkvæmdastjóra. Styður sú staðreynd óneitanlega þann framburð stefnanda að samkomulag hafi komist á um að hún stigi til hliðar sem framkvæmdastjóri en héldi áfram störfum hjá stefnda. Er það og í samræmi við lýsingar vitnisins Matthíasar Björnssonar, sem kvað umrædda breytingu á stöðu stefnanda hjá fyrirtækinu hafa að öllu leyti verið í samráði við eiganda og stjórn félagsins. Þá kannaðist vitnið ekki við annað en að gengið hafi verið út frá því að stefnandi héldi áfram störfum fyrir félagið.

Í ljósi framangreinds, og þar sem ráðið verður af uppsagnarbréfi því er stefnanda barst 31. mars 2020, að henni hafi verið sagt upp störfum „í ljósi óvissutíma vegna Covid 19“, verður að mati dómsins að leggja til grundvallar að í fyrrgreindri breytingu á stöðu

stefnanda hafi hvorki falist vanefnd á skyldum hennar gagnvart stefnda, svo sem byggt er á af hans hálfu, né að hún hafi fyrirgert rétti sínum til áframhaldandi launa. Hefur stefndi enda ekkert lagt fram í málinu sem er til þess fallið að renna stoðum undir að stefnandi hafi brotið gegn starfsskyldum sínum. Verður því lagt til grundvallar að stefnandi hafi enn sinnt starfi hjá stefnanda er henni var sagt upp 31. mars 2020 og að eigandi stefnda hafi, með því að víkja henni frá starfsstöðinni í lok apríl 2020, hafnað vinnuframlagi hennar á miðjum uppsagnarfresti. Stefnandi á því rétt til launa á uppsagnarfresti. Hvað fjárhæð launa og kjör að öðru leyti snertir er rétt að miða við kröfugerð stefnanda, sem byggir á ráðningarsamningi aðila, en í málinu liggur ekkert fyrir um að samið hafi verið um breytt kjör stefnanda í tilefni af því að hún hætti starfi framkvæmdastjóra. Ber stefndi sem vinnuveitandi stefnanda hallann af öllum sönnunarskortum í þeim efnum. Í því sambandi verður ekki framhjá því litið að stefnandi fékk greidd laun þann 1. apríl 2020 þrátt fyrir að hafa hætt starfi framkvæmdastjóra nokkru áður en að mati dómsins styður það þá fullyrðingu stefnanda að ekki hafi staðið til að laun hennar tækju breytingum.

Samkvæmt framangreindu verður krafa stefnanda tekin til greina eins og í dómsorði greinir. Rétt stefnanda til höfuðstólsfærslu dráttarvaxta á 12 mánaða fresti má leiða af ákvæðum 12. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og því óþarfi að kveða á um slíka höfuðstólsfærslu í dómsorði.

Með hliðsjón af þessum úrslitum, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Er í þeim efnum litið til þess að samhliða máli þessu hafa önnur efnislega sambærileg mál verið rekin gegn stefnda þar sem sömu lögmenn eiga í hlut.

Halldóra Þorsteinsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættu ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Dómsorð:

Stefndi, HL Adventure ehf., greiði stefnanda, Ástu Ólafsdóttur, 4.864.346 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 1.098.000 krónum frá 1. maí 2020 til 1. júní 2020, frá þeim degi af 2.196.000 krónum til 1. júlí 2020 og frá þeim degi af 4.864.346 krónum til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.

Halldóra Þorsteinsdóttir